



## VERKLAGSREGLUR H.F. VERÐBRÉFA HF. BESTA FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

### 1. ALMENNT

#### 1.1. LAGAGRUNDVÖLLUR

Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um bestu framkvæmd.

### 2. MARKMIÐ

Markmið reglna þessara er að tryggja að viðskiptavinur hljóti bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla eins og hugtakið er skýrt í 2. gr. reglnanna.

Í reglum um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla er lýst á hvaða mörkuðum H.F. Verðbréf framkvæma viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna þegar viðskiptavinir óska ekki eftir sérstakri framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Í reglunum eru jafnframt settar fram þær forsendur sem starfsmenn H.F. Verðbréfa byggja á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir þá viðskiptavini sem falla undir gildissvið reglnanna.

#### 2.1. LEIÐIR AÐ MARKMIÐINU

Starfsmönnum H.F. Verðbréfa ber að fylgja reglum þessum til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

### 3. GILDISSVIÐ

#### 3.1. ALMENNT

Reglur þessar gilda um framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir viðskiptavini H.F. Verðbréfa. Reglum þessum er ætlað að uppfylla þær skyldur og kröfur sem á H.F. Verðbréfum hvíla samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Reglur þessar skulu ekki túlkaðar á þann hátt að í þeim felist loforð eða skuldbinding umfram það sem krafist er samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

#### 3.2. FAGJÁRFESTAR OG VIÐURKENNDIR GAGNAÐILAR

Reglur þessar eiga aðeins við um víðskipti fagjáfesta eins og það hugtak er skilgreint í 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Víðskipti víðurkenndra gagnaðila eins og það hugtak er skilgreint í 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti falla utan gildissviðs reglna þessara og njóta þeir því ekki þeirrar verndar sem í reglunum felst. Reglur þessar eiga ekki við um framkvæmd víðskiptafyrirmæla fyrir almenna fjáfesta, enda víðskiptavinir H.F. Verðbréfa einungis fagjáfestar og víðurkenndir gagnaðilar.

#### 3.3. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA - SKILGREINING

Með framkvæmd víðskiptafyrirmæla er átt við þær aðstæður þegar víðskiptavinur treystir á H.F. Verðbréf til þess að gæta hagsmuna sinna með tilliti til verðs, hraða og annarra þátta við framkvæmd víðskipta fyrir hönd víðskiptavinar. Þetta nær til þess þegar H.F. Verðbréf:

- Framkvæmir víðskipti fyrir hönd og í umboði víðskiptavinar (*agent*)

- Framkvæmir víðskipti fyrir hönd víðskiptavinar í eigin nafni (án nokkurrar eigin áhættu).

Það telst ekki til framkvæmdar víðskiptafyrirmæla þegar H.F. Verðbréf birta „tilboðsverð“ eða óska eftir „tilboðsverði“ fyrir víðskiptavin og víðskiptavinur á víðskipti á grundvelli slíks verðs. Slík þjónusta er þar af leiðandi undanskilin kröfum um bestu framkvæmd.

#### 3.4. VIÐSKIPTI MEÐ VERÐBRÉF

H.F. Verðbréf eiga einungis víðskipti með verðbréf eins og það hugtak er skilgreint í 2. tl. a. i. og ii í 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti og taka reglur þessar því eingöngu til víðskipta með slík verðbréf.



## 4. BESTA FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

### 4.1. ALMENNT

Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í reglum þessum er átt við þá skyldu sem hvílir á H.F. Verðbréfum til þess að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína samanber 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Með bestu mögulegu niðurstöðu er átt við þá niðurstöðu sem er fengin er samræmi við verklagsreglur þessar.

### 4.2. ÞÆTTIR SEM LITIÐ ER TIL OG VÆGI ÞEIRRA

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun H.F. Verðbréf leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína. Það verður gert með því að hafa til staðar og framfylgja verklagsreglum þessum og ferlum sem eru hannaðir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á því að af viðskiptunum verði, umfangs og eðlis viðskipta og annarra þátta sem máli skipta. Þetta á þó ekki við þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í slíkum tilvikum verða fyrirmælin framkvæmd án tillits til þeirra þátta sem hér er lýst. Einnig verður litið til annarra þátta sem máli kunna að skipta svo sem reynslu og þekkingar viðskiptavinar og fyrri sögu hans.

Verð í viðskiptum hefur að öllu jöfnu mest vægi við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu. Í sumum tilvikum er mögulegt að aðstæður verði metnar svo að aðrir þættir en verð séu mikilvægari við að tryggja bestu niðurstöðu. Slík tilvik kunna að koma upp við sérstakar aðstæður, fyrir suma viðskiptavinum, einstök fyrirmæli, fjármálagerninga eða markaði. Í greinum 5.1 – 5.3 í reglum þessum er fjallað um hvaða þættir hafa áhrif við val á mörkuðum eða framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverju einstöku tilviki.

Vægi ofangreindra þátta verður metið út frá reynslu H.F. Verðbréfa og þekkingu, þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og með því að taka tillit til hvaða og hvers konar viðskiptavinar, fyrirmæla og fjármálagernings um ræðir auk þeirra markaða þar sem hægt er að framkvæma fyrirmælin.

### 4.3. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Með fyrirvara um að viðskiptavinur hafi beint til H.F. Verðbréfa ákveðnum fyrirmælum um framkvæmd viðskipta verða viðskiptafyrirmæli framkvæmd með eftirfarandi hætti eða samvinnun á eftirfarandi háttum:

- Utan markaða með viðskiptum við þriðja aðila
- Með beinum viðskiptum á markaði eða þegar H.F. Verðbréf er ekki aðili að viðkomandi markaði með viðskiptum við þriðja aðila sem H.F. Verðbréf hefur gert samning við um að framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á markaði.

### 4.4. BESTA NIÐURSTAÐA MIÐAÐ VIÐ AÐSTÆÐUR

Þrátt fyrir að leitað verði allra eðlilegra leiða til þess að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum miðað við þau úrræði sem til staðar eru og þær aðstæður við starfað er við, þá er ekki hægt að tryggja að í hverju tilviki verði alltaf um að ræða bestu niðurstöðu. Fari starfsmenn H.F. Verðbréfa eftir reglum þessum í einu og öllu verður almennt talið að H.F. Verðbréf hafi fullnægt skyldu sinni um að tryggja viðskiptavinum sínum bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

### 4.5. VIÐSKIPTAVINUR MÆLIR FYRIR UM ÁKVEÐNA FRAMKVÆMD

Þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla (til að mynda með beinum aðgangi að OMX Nordic Exchange í gegnum kerfið „The Online Trader“ samkvæmt samningi H.F. Verðbréfa og viðskiptavinar þar um) munu viðskiptin vera framkvæmd í samræmi við slík fyrirmæli.

Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að þegar hann mælir fyrir um ákveðna framkvæmd getur H.F. Verðbréf ekki og mun ekki gæta að öllum þeim þáttum sem taldir eru í verklagsreglum þessum til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.

## 5. MEGINREGLUR UM FRAMKVÆMD

Fyrirmælum viðskiptavina skal framfylgt á sanngjarnan máta og eins skjótt og mögulegt er. Fyrirmæli viðskiptavina sem eru sambærileg að öðru leyti skal framfylgt í tímaröð í samræmi við það hvenær þau voru móttækin, nema slíkt sé ómögulegt vegna eðlis fyrirmælanna, aðstæðna á markaðnum eða ef önnur framkvæmd er talin betri fyrir viðskiptavin.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti ber H.F. Verðbréfum að stuðla að því þegar um er að ræða skilyrta pöntun sem ekki er framkvæmd jafnskjótt og hún berst, að birta hana samstundis á aðgengilegan hátt nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað. Með undirritun sinni á samþykki það sem fylgir verklagsreglum þessum telst viðskiptavinur hafa samþykkt að H.F. Verðbréf meti hvort og hvenær birta eigi slíkar pantanir.



## 6. MARKAÐIR

### 6.1. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA Á MARKAÐI<sup>1</sup>

Það er meginregla að H.F. Verðbréf framkvæmir viðskiptafyrirmæli viðskiptavina á skipulögðum verðbréfamörkuðum.

Þegar reglur þessar eru settar eiga H.F. Verðbréf einungis aðild að OMX Nordic Exchange á Íslandi (Kauphöll Íslands) að því er varðar viðskipti með fjármálagerninga og framkvæma því að meginreglu til viðskiptafyrirmæli á þeim markaði.

H.F. Verðbréf velur þessa leið að meginreglu þar sem á markaði er verðlagning verðbréfa gagnsæ, hraðinn við afgreiðslu viðskipta mikill, auðvelt að átta sig á kostnaði við að afla viðskiptanna, og líkurnar á því að samningar náist meiri en utan markaða.

Undir venjulegum kringumstæðum mun H.F. Verðbréf meðhöndla pantanir með eftirfarandi hætti:

- Senda pöntunina þegar í stað til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga.
- Framkvæma pöntunina með nokkrum mismunandi viðskiptum á markaði.
- Nýta pöntun eins viðskiptavinar til að mæta pöntun annars viðskiptavinar á verði sem svarar til markaðsverðs.

### 6.2. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA UTAN MARKAÐA

Þrátt fyrir þá meginreglu sem sett er fram í grein 5.1 kann H.F. Verðbréf að meta aðstæður svo að betri niðurstaða fáiast við framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða.

Slíkar aðstæður eiga fyrst og fremst við þegar um er að ræða stór viðskipti. Með stórum viðskiptum er átt við viðskipti sem eru stærri en almennt gengur og gerist með viðskipti með viðkomandi verðbréf. Starfsmenn H.F. Verðbréfa skulu meta það heildstætt hvort hagfelldara sé að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan markaða en á markaði.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti hvílir sú skylda á H.F. Verðbréfum að upplýsa viðskiptavini sérstaklega og afla samþykkis þeirra fyrir því að eiga viðskipti utan markaða með fjármálagerninga sem skráðir eru á markaði. Samþykki viðskiptavinar sem fylgir verklagsreglum þessum gerir ráð fyrir að viðskiptavinur samþykki sérstaklega að H.F. Verðbréf framkvæmi viðskiptafyrirmæli almennt í samræmi við verklagsreglur þessar utan markaða.

### 6.3. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA Á ÖÐRUM MÖRKUÐUM

Fái H.F. verðbréf viðskiptafyrirmæli um fjármálagerninga sem viðskipti eiga sér stað með á skipulögðum verðbréfamarkaði sem H.F. Verðbréf er ekki aðili að (þ.m.t. markaði utan ESB) mun H.F. Verðbréf framkvæma slík fyrirmæli með því að miðla þeim, á grundvelli samnings þar að lútandi, til milliliða sem eru aðilar að eða hafa aðgang að viðkomandi markaði. Val á slíkum milliliðum fer fram með stöðugu mati á getu þeirra til að framkvæma fyrirmælin vel og á grundvelli gæða og kostnaðar þeirra þjónustu sem þeir veita.

## 7. TRUFLUN Á MARKAÐI EÐA Á KERFINU „THE ONLINE TRADER“

Verði truflun á markaði eða í kerfinu „The Online Trader“, getur verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. H.F. Verðbréf mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína.

## 8. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD VERKLAGSREGLNANNA

H.F. Verðbréf skulu tryggja að reglulegt eftirlit sé fyrir hendi með framkvæmd reglnanna og þess gætt að starfsmenn fylgi reglunum í einu og öllu. Regluvörður annast eftirlit með framkvæmd reglnanna og skulu viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn reglum þessum.

Á starfsmönnum hvílir sú skylda samkvæmt ráðningarsamningi að gæta þess að þeir fari í einu og öllu eftir lögum og reglum á því sviði sem snertir starf þeirra hjá H.F. Verðbréfum. Jafnframt kemur þar fram að þeir skulu fara að öllum þeim reglum sem H.F. Verðbréf hafa sett starfsmönnum sínum.

## 9. ENDURSKOÐUN REGLNANNA

Reglur þessar skulu sæta reglulegri endurskoðun. H.F. Verðbréf skal greina hvort reglurnar séu nægilega skilvirkar í framkvæmd og skal H.F. Verðbréf breyta reglum þessum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla ef þær reynast ekki nægilega skilvirkar í framkvæmd.

---

<sup>1</sup> Með markaði átt við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga.



Á H.F. Verðbréfum hvílir jafnframt sú skylda að aðlaga reglur þessar að öllum þeim lagabreytingum, reglugerðarbreytingum og reglusetningu fjármálaeftirlitsins sem snerta bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

H.F. Verðbréfum er skylt að meta það reglulega hvort þeir markaðir sem reglurnar gera ráð fyrir að verði nýttir til að framkvæma fyrirmæli leiði til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini.

## **10. UPPLÝSINGASKYLDA**

H.F. Verðbréf skal að beiðni viðskiptavinar geta sýnt fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur fyrirtækisins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun H.F. Verðbréf skrá niður og/eða geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um viðskiptavini og viðskipti viðskiptavina hjá H.F. Verðbréfum.

Komi til efnislegra breytinga á reglum þessum mun H.F. Verðbréf upplýsa viðskiptavini sína um það. Með því að birta nýjar verklagsreglur á heimasíðu sinni telst H.F. Verðbréf hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt þessari grein.

Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu H.F. Verðbréfa.

## **11. GILDISTAKA**

Reglur þessar skulu gilda frá og með 1. nóvember 2007